

AUGLÝSING

um staðfestingu viðauka við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum, sbr. auglýsingu nr. 1210/2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, innviðaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi viðauka við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum, sbr. auglýsingu nr. 1210/2023.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og með viðaukanum gerist Strandabyggð aðili að samningnum með þeirri ábyrgð, skyldum og réttindum sem af honum leiðir.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 25. febrúar 2025.

F. h. mennta- og barnamálaráðherra,

Anna Tryggvadóttir.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 25. febrúar 2025.

F. h. félags- og húsnæðismálaráðherra,

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Innviðaráðuneytinu, 25. febrúar 2025.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

Aðalsteinn Þorsteinsson.

VIÐAUKI I
við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

1. gr.

Viðauki þessi er gerður í samræmi við 1. gr. samnings um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum sem fjallar um breytingar á aðild samningsins, sbr. auglýsingu nr. 1210/2023.

2. gr.

Samningsaðilar hafa komið sér saman um að Strandabyggð gerist aðili að samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum með þeirri ábyrgð, skyldum og réttindum sem af honum leiðir.

3. gr.

Viðauki þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Af viðauka þessum eru gerð níu samhljóða eintök, eitt handa hverjum samningsaðila.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2025